


Íris Stefánsdóttir  
Tæknifulltrúi Fjallabyggðar  
Gránugötu 24  
580  
Siglufjörður



Reykjavík 2. mars 2015  
UST201502-557/K.S.J.

**Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi útivistar- og tjaldsvæði, fuglaverndarsvæði og athafnsvæðis að Leirutanga á Siglufirði.**

Vísað er til erindis tæknifulltrúa Fjallabyggðar er barst 16. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi útivistar- og tjaldsvæðis, fuglaverndarsvæðis og athafnsvæðis að Leirutanga á Siglufirði.

**Staðhættir**

Í lýsingu kemur fram að Leirutangi er landfylling á leirunum austan Snorrögötu á Siglufirði. Einnig kemur fram að þar var urðað sorp við ströndina á árunum 1945 – 1975, en að hin síðari ár hefur svæðið verið notað sem tippur fyrir óvirkan úrgang. Á Leirutanga er stefnt að því að byggja upp nýtt tjaldsvæði. Einnig er gert ráð fyrir athafnalóðum, útivistarsvæði og fuglaverndarsvæði á Leirutanga. Skipulagssvæðið er 13 ha að stærð.

**Fyrirverandi urðunarsvæði**

Fram kemur í lýsingu að hluti Leirutanga varð til við urðun á ýmsum úrgangi, en ekki er ljóst hvað hefur verið urðað þar. Einnig kemur fram að Heibrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur látið vinna efnagreiningu á svæðinu, og að niðurstaðan var að mesta mengunin er á vesturhluta svæðisins. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að fylgst verði með mögulegu gasi frá svæðinu. Umhverfisstofnun tekur undir þá breytingu að í stað íbúðarsvæðis verði „tanginn“ opið svæði til sérstakra nota, enda mælir stofnunin gegn því að grafið sé í gömlum úrgangi, en slíkt er ekki bannað. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu.

Virðingarfyllt

Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Björn Stefánsson  
Sérfræðingur